

# STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1970

Nr. 280.

750

15. desember 1970.

## REGLUR

### um félagsheimilið Valfell, Borgarhreppi, Mýrasýslu.

#### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er VALFELL í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Félagsheimilið er byggt á lóð sem sveitarsjóður Borgarhrepps á í landi Brenni-  
staða, en hefur látið félagsheimilinu í té án endurgjalds. Lóðin er sem næst 4200 m<sup>2</sup>  
og er á milli Þjóðvegarins og túnsins.

Eigendur félagsheimilisins eru Borgarhreppur 50%, Kvenfélag Borgarhrepps  
25% og U.M.F. Borg 25%.

#### 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega af stjórn hvers félags, stjórnar félagsheimilinu.

Hún er þannig skipuð: 1) 2 menn frá Borgarhreppi, 2 frá Kvenfélagi Borgar-  
hrepps og 1 frá U.M.F. Borg.

Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um  
störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerða-  
bækur þess til vörzlu.

#### 3. gr.

Húsnefnd heldur fund, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef  $\frac{2}{5}$  nefnd-  
armanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera í marz ár hvert. Skulu þangað  
kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur  
félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahags-  
reikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum  
sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fund-  
inn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm, sem unnt er.

Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða  
aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld  
og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefnd-  
armenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði.  
Hreppnefnd hefur þó 5 atkvæði.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í  
húsnefnd næsta ár.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilaskjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með eigin reikningshaldi. Al-  
manaksárið skal vera reikningsár þess.

## 4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, þar sem þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt,
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn,
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra, ef nefndin felur ekki húverði að annast slíkt,
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins,
- e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda,
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda,
- g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis,
- h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst,
- i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

## 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skytt er að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77/1947 og breytingu á þeim lögum nr. 47 frá 5. júní 1957, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið.

Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

## 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fáiast til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

## 7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

## 8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

## 9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sóttgreinsandi efni og fatageymslur, bað- og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

## 10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

Bifreiðastæði skal vera í næsta nágrenni við félagsheimilið, ef því verður við komið.

**11. gr.**

Fánastöng skal setja upp við húsið. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skip'ta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

**12. gr.**

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

**13. gr.**

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

**14. gr.**

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

**15. gr.**

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947 og breytingu á þeim lögum nr. 47 frá 5. júní 1957, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 15. desember 1970.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Runólfur Þórarinsson.*

**REGLUGERÐ**

fyrir Heilsuverndarstöð Selfoss.

**1. gr.**

Heilsuverndarstöðin er staðsett á Selfossi og starfssvæði hennar er Selfoss-læknishérað. Starfssvæði má stækka, ef um það semst, milli stjórnar stöðvarinnar og sveitarfélaga utan læknishéraðsins.

Stöðin má veita þjónustu öðrum en þeim, sem búsettir eru í Selfosslæknishéraði, og fer um þá þjónustu samkvæmt reglum, sem stjórn stöðvarinnar setur og ráðherra staðfestir.

**2. gr.**

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Selfoss er fyrst um sinn heilsuvernd í eftirtöldum greinum:

1. Mæðravernd (eftirlit með barnshafandi konum).
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólacftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd (í skólum).
5. Íþróttacftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).